



10. júlí 2024


Iðnaður er stærsta útflutningsgreinin

Iðnaður er stærsta útflutningsgrein hagkerfisins og því skiptir það þjóðarbúið miklu með hvaða hætti greinin þróast. Útflutningstekjur greinarinnar námu 698 ma.kr. í fyrra sem er 38% af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins.¹ Til samanburðar námu útflutningstekjur ferðapjónustunnar á síðasta ári 598 mö.kr. (32%) og sjávarútvegs 352 mö.kr. (19%).

Á síðasta ári voru fluttar út iðnaðarvörur fyrir 504 ma.kr. og þjónustuútflutningur iðnaðar nam 194 mö.kr. Með vexti hugverkaiðnaðar á síðustu árum hefur hluti þjónustu í heildarútflutningi iðnaðar farið vaxandi, en innan hugverkaiðnaðar er bæði vöru- og þjónustuútflutningur. Nam hluti þjónustu í útflutningi iðnaðar 28% árið 2023 samanborið við 14% árið 2013. Í þessu ljósi er það mikilvægara nú en áður að horfa til heildarumfangs útflutningstekna iðnaðar en ekki einungis útflutnings iðnaðarvara þegar þróun og vægi útflutnings greinarinnar er metið ásamt áhrifum þess á hagkerfið.


Útflutningstekjur iðnaðar

Ma.kr.



Útflutningstekjur, 2023

Ma.kr.



Tvær af fjórum meginstoðum útflutnings Íslands eru innan iðnaðar, þ.e. orkusækin iðnaður og hugverkaiðnaður.² Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar voru 263 ma.kr. á síðasta ári sem er ríflega 14% af heildarútflutningstekjum hagkerfisins á því ári. Útflutningstekjur greinarinnar hafa verið í miklum og stöðugum vexti síðustu ár en þær námu 91 ma.kr. árið 2013. Hefur vöxturinn haldið áfram í ár en á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 86 mö.kr. sem er 7% aukning frá sama tíma í fyrra. Samtök iðnaðarins (SI) áætla að tekjurnar verði yfir 300 ma.kr. á þessu ári.

Hugverkaiðnaður er grein byggð á hugviti og fjárfestingu í nýsköpun. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði byggja oft á umfangsmikilli rannsókn- og þróunarstarfsemi. Um er að ræða fyrirtæki í upplýsingatækni- og fjarskiptaiðnaði, þ.m.t. tölvuleikjagerð, lyfjaframleiðslu, líf- og heilbrigðistækni og fjölbreyttum hátækniíðnaði. Með vexti hugverkaiðnaðar hefur fjölbreytni útflutningstekna þjóðarbúsins aukist. Vöxtur

¹ Atvinnugreinaflokkun iðnaðarins: ÍSAT2008: 05-33 án 102, 41-43, 58-63, 71-72


² Atvinnugreinaflokkun tækni- og hugverkaiðnaðar: ÍSAT2008: 20-21, 254, 26-30, 325, 58-63, 71-7

greinarinnar hefur þannig rennt stoðum undir aukinn stöðugleika í hagkerfinu. Mikill fengur er af greininni því framleiðni í greininni er há og hún skapar verðmæt og eftirsóknarverð störf.

Innan hugverkaiðnaðar er upplýsingatækni- og fjarskiptaiðnaður. Mjög snarpur vöxtur hefur verið í þeirri starfsemi á undanförunum árum. Það sést vel hvort sem lítið er til útflutningstekna, veltu fyrirtækja í greininni eða fjölda starfandi. Innan UT er einnig tölvuleikja- og gagnaversiðnaður. Hátækni-þjónustuiðnaður af ýmsum toga er líka hluti af þessari fjölbreytilegu flóru UT fyrirtækja og hefur sá hluti greinarinnar verið gróskumikil hér á landi á síðustu árum. Um er að ræða greinar á borð við kvikmyndaiðnað ásamt þjónustu arkitekta og verkfræðinga auk vísinda- og tækniþjónustu ýmiskonar. Lyfjaframleiðsla, líf- og heilbrigðistækniðnaður eru einnig innan hugverkaiðnaðar. Mörg öflug fyrirtæki hafa haslað sér völl hér á landi á því sviði, verið í örur vexti síðustu ár og eru stór áform um frekari uppbyggingu hér á landi.

Tvær útflutningsstoðir iðnaðar

Útflutningstekjur, ma.kr.



Tekjur iðnaðar af útflutningi á áli og kísiljárninu námu 370 mö.kr. á síðasta ári. Útflutningstekjur af þessum hluta iðnaðar drógust saman á milli áráanna 2022 og 2023 en árið 2022 námu þær 466 mö.kr. Ástæða samdráttarins er verðlækkun á afurðum ásamt áhrifum af skerðingu raforku á útflutning greinarinnar.

Samdrátturinn í útflutningstekjum áls og kísiljárns olli því að heildarútflutningstekjur iðnaðar drógust saman á milli áráanna 2022 og 2023 um 75 ma.kr. eða tæplega 10%. Fóru þær úr 773 mö.kr. niður í 698 ma.kr. Á móti samdrætti í útflutningi áls og kísiljárns vóg vöxtur í útflutningstekjum hugverkaiðnaðar. Hefur þessi þróun haldið áfram í ár en útflutningstekjur iðnaðar drógust saman um 7% á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs og námu á þeim tíma 224 mö.kr. samanborið við 232 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Ástæða samdráttarins á þessu ári er sá sami og í fyrra, þ.e. samdráttur í útflutningstekjum áls og kísiljárns. Hefur skerðing Landsvirkjunar á raforku haldið áfram að hafa neikvæð áhrif á tekjur og afkomu greinarinnar í ár en útflutningstekjur orkusækisins iðnaðar minnkuðu um 14-17 mö.kr. á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs vegna skerðingarinnar.³ Samdráttur í útflutningstekjum áls námu 9-10 mö.kr. og skýrir það um tvo þriðju af samdrætti í útflutningstekjum orkusækisins iðnaðar á tímabilinu.


³ [14-17 ma.kr. útflutningstekjur hafa tapast vegna raforkuskerðingar Landsvirkjunar, greining SI maí 2024](#)

Útflutningstekjur álfyrirtækjanna þriggja, RioTinto, Norðurál og Alcoa, námu 324 mö.kr á síðasta ári sem er ríflega 17% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarbúsins. Fyrirtækin í framleiðslu kísiljárns eru tvö, Elkem og PCC, en útflutningsverðmæti þeirra var samanlagt ríflega 46 ma.kr. á síðasta ári.

Útflutningstölur iðnaðar er að finna annars vegar í tölum Hagstofunnar um vöru- og þjónustuviðskipti⁴ og hins vegar í veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum, þ.e. þeim hluta veltu sem er undanþegin virðisaukaskatti.⁵ Hið síðarnefnda gefur heildarmynd af útflutningi iðnaðar ásamt því að gefa góða mynd af útflutningi tækni- og hugverkaiðnaðar. Það er mat Hagstofunnar að virðisaukaskattskýrslurnar séu betur til þess fallnar að lýsa þjónustutekjum iðnaðarins en tollaskrár. Skiptir það sérstaklega miklu máli varðandi útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar. Vert er að taka fram að þó að virðisaukaskattskýrslur lýsi vel útflutningi iðnaðar er þannig ekki farið með greinar á borð við ferðaþjónustu og sjávarútveg.

Útflutningur áls og álafurða

Ma.kr.



⁴ [Vöru og þjónustuviðskipti, Hagstofa Íslands](#)

⁵ [Velta eftir atvinnugreinum og vsk-tímabilum, Hagstofa Íslands](#)